

til þess að þér auglýsið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti álitur þeim mun minni ástæðu til að hika sér við að fallast á álit bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn og innanríkisstjórnarinnar, sem með þessu er kannast við, að minnsta kosti að því er snertir Kaupmannahöfn, og innanríkisstjórnin hefir ekki mótmælt því, að eitt skuli ganga yfir Ísland og Danmörk í þessu efni, þó það sé í gagnstæða átt við það, sem þér hafið hugsað yður, herra stiptamtmaður, og ber því framfærsluhreppnum, sem í hlut á, að greiða fê það, sem hér er rædt um, 49 rd. að upphæð.

1869.

9. marz.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að eptirgjaldið af Snæfellsnessýslu sé fært niður.

9. marz.

Útaf bænarskrá þeirri, sem barst hingað með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 19. maímán. f. á., þar sem P. Böving, sýslumaður í Snæfellsnessýslu, sækir um uppgjöf á eptirgjaldinu af tæðri sýslu, hefir dómsmálastjórnin skrifast á við fjárhagsstjórnina og síðan leitað samþykkis ríkisþingsins í frumvarpinu til fjárhagslaganna fyrir fjárhagsárið 1869—70 — smbr. athugasemdirnar við frumvarpið, sem prentaðar eru, 56. bls. — til þess að eptirgjaldið af Snæfellsnessýslu verði sett niður um helming, og er nú veitt í fjárhagslögunum fyrir næsta fjárhagsár, sem voru staðfest af konungi 26. f. m., að færa megi niður eptirgjaldið af opt nefndri sýslu í 40 rd. á ári.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um formið á skýrslum um aðgjörðir yfirdómsins á Íslandi.

9. marz.

Með bréfi dagsettu 13. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra

1869.

9. marz.

stiptamtmaður, sent hingað skrá um öll þau mál, sem hinn konunglegi yfirdómur á Íslandi hefir dæmt árið 1867, og hafið þær leidd athygli að því, að skrá þessi sé ekki samín samkvæmt skýrsluformi því, sem mælt er fyrir um með konungsúrskurði 14. maímán. 1808. Um það efni hafið þær tekið fram:

- 1) að skráin nái að eins yfir þau mál, sem hafa verið dæmd þá árið, þar sem formið þó á við öll mál, sem hafa verið tekin til meðferðar á sama tímabili;
- 2) að úrskurðurinn ákvarði, að dómendurnir í yfirdóminum skuli senda skrá þessa til kansallísins, og sé þá væntanlega svo til ætlazt, að allir dómendurnir í yfirdóminum riti nöfn sín undir hana, en aptur á móti sé skrá sú, sem hér ræðir um, gjörð af skrifara yfirdómsins einum, og háyfirdómariinn hafi ritað á hana vottorð um, að hann hafi ekki neitt útá hana að setja; og
- 3) loks, að þar sem í forminu eru dálkar með fyrirsögnum um hvert einstakt skeið, sem sérhvert mál verður að renna, meðan það er fyrir yfirdóminum, og fyrir þá sök má hafa umsjón með, bæði hversu greidd málunum miðar áfram, og hversu opt hver af dómendunum hafi verið forfallaður frá að sitja sjálfur í dóminum, þá skýri þessi skrá að eins frá, hvaða dag málið hafi verið dæmt, og hvort settur dómari hafi dæmt málið í stað einhvers af dómendunum í yfirdóminum.

Með því að atriði þau, sem þannig hafa verið tekin fram, sér í lagi þau, sem vikið er á í 1. og 3. tölulið, eru mjög svo áriðandi umsjónarinnar vegna, hafið þær, herra stiptamtmaður, lagt fram með, að það verði brýnt fyrir yfirdóminum að hegða sér eptir áður nefndum konungsúrskurði 14. maímán. 1808 í þessu efni, og hafið þær þar að auki vakið máls á, hvort það mundi þykja hagfelt, að formið hefði inni að halda skýrslu um, hvenær dómsgjörðirnar í opinberum málum hafi verið sendar háyfírvöldunum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þær kunngjörð yfirdóminum það, að stjórnarráðið fellst á tillögur yðar, þannig að í athuga-

semða-dálkinum í forminu, sem ofan nefndur úrskurður hefir mælt fyrir um, sè skýrt frá því, sem þèr hafið vakið máls á.

1869.

9. marz.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um skipting á Eyjafjallahrepp í tvo hreppa.

9. marz.

Með bréfi dagsettu 28. ágústmán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem tveir prestar og tveir hreppstjórar í Eyjafjallahrepp í Rangárvallasýslu sækja um, að tæðum hrepp verði skipt í tvo hreppa, er hvor hafi sín fátækramálefni og sinn þingstað útaf fyrir sig. Hafið þèr skýrt frá, að óskin um, að hreppnum verði skipt, hafi kviknað í vesturhluta hans, það er að segja í Holts og Stóradals sóknum, en aptur mæli austurhlutinn, Eyvindarhóla, Skóga og Steina sóknir fastlega á móti þessari skiptingu. En samkvæmt skýrslum þeim, sam þèr hafið fengið um málefnið, verðið þèr samt að álíta mjög vel til fallið, að hreppnum verði skipt, því að mörg atvik sè til þess — þèr hafið einkum tekið fram hinn mikla fólksfjölda, yfir 1100 manns, stærðina á hreppnum, óánægju og flokkadrátt meðal hreppsúa í hvorum hluta hreppsins fyrir sig, og loksins fátæktina — að það skipulag, sem nú er á sveitarstjórninni gjörast óhagfelt, eins og það líka virðist sanngjarnt, að eystri hlutinn beri sjálfur þyngslin af fátæktinni, sem þar er altaf að fara í vöxt, og að nokkru leyti er því að kenna, að hreppsúar þar skipta jörðunum í smábýli meir en góðu hófi gegnir. Þèr hafið enn fremur sagt álit yðar um, eptir hvaða hlutfalli ætti að skipta eigum og skuldum hreppsins, ef þar að kæmi, því um það hefir ekki orðið komið á neinu samkomulagi milli beggja hluta hreppsins, heldur en um sjálfa skiptinguna á honum, og um þingstaðinn, sem þeir eiga saman og er í Steina sókn, hafið þèr getið þess, að eptir því, sem samizt hefir þar um, geti að eins orðið umtalsmál að